

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. september 2023

1. Gjald fyrir leikskólavist er kr. 2.365 á mánuði fyrir hverja hálfu klukkustund á rekstrardegi skóla. Gjald fyrir hádegisverð er kr. 9.177 á mánuði.
2. Lágmarksdvöl miðast við fjórar klukkustundir á dag.
3. Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum leikskóla samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennum dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi í leikskólum.
4. Viðmiðunartekjur til að fá afsláttinn eru miðaðar við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur eru allt að kr. 865.469 á mánuði (miðað við launavísitölu 1. janúar 2023). Sækja þarf um tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.
5. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Sækja þarf um systkinaafslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.
6. Gjald umfram 8 tíma skal vera kr. 4.730 fyrir hverja hálfu klukkustund og skal það vera óháð systkinaafslætti.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
17. ágúst 2023
Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari*

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.